



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

06  
10 20  
21

GRÆNA RÖÐIN

# Strauss og Shostakovitsj



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

## Áætluð tímalengd:

Hornkonsert: 19'

Píanókonsert: 19'

Don Juan: 18'

Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað á Rás 1, fimmtudaginn 7. október kl. 19.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



KVÍKA  
Eignastýring

Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

06|10

MIDVIKUDAGUR  
KL. 20:00

GRÆNA RÖÐIN

# Strauss og Shostakovitsj

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Eva Ollikainen**

hljómsveitarstjóri

**Stefán Jón Bernharðsson**

einleikari

**Ásta Dóra Finnsdóttir**

einleikari

**Halla Oddný Magnúsdóttir**

kynnir

## Efnisskrá

Richard Strauss

**Hornkonsert nr. 1 í Es-dúr (1882–83)**

Allegro

Andante

Allegro

Dmitrífj Shostakovitsj

**Píanókonsert nr. 2 í F-dúr (1957)**

Allegro

Andante –

Allegro

Richard Strauss

**Don Juan (1888)**

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:

**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020.

Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því meira en 15 ár. Þá stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitinni í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Á komandi starfsári mun Eva stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á níu tónleikum, meðal annars í *Valkyrjuni* eftir Richard Wagner og *Ein Heldenleben* eftir Richard Strauss.



# Stefán Jón Bernharðsson

## EINLEIKARI

Stefán Jón Bernharðsson er leiðari horndeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1998, þar sem Jósef Ognibene var kennari hans, stundaði síðan nám hjá Fröydísi Ree Wekre við Tónlistarháskólann í Ósló og lauk prófi þaðan 2005. Stefán Jón hefur verið fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 2000. Hann kemur oft fram sem einleikari með hljómsveitum og á hátíðum á Norðurlöndum. Þá hefur hann hljóðritað einleikskonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur.

Stefán Jón er einn fremsti hornleikari sinnar kynslóðar og fær því reglulega boð um að leika sem gestaleiðari í öðrum hljómsveitum, til dæmis Mahler-kammersveitinni, Fílharmoníusveitunum í Stokkhólmi og Ósló, Sinfóníuhljómsveitunum í Melbourne og Gautaborg, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og Fílharmoníusveit Franska útvarpsins í París. Hann hefur einnig unnið fyrstu verðlaun í ConocoPhillips tónlistarkeppninni í Ósló, önnur verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni í Lieksa í Finnlandi og þriðju verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni Città di Porcia á Ítalíu.



# Ásta Dóra Finnsdóttir

## EINLEIKARI

Ásta Dóra Finnsdóttir er 14 ára píanóleikari og hefur stundað píanónám síðan hún var fimm ára gömul. Hún hóf nám við Suzuki-skólann á Álftanesi, þar sem Anna Fossberg Kjartansdóttir var kennari hennar, en síðar stundaði hún nám hjá Kristni Erni Kristinssyni við Allegro Suzukitónlistarskólann. Frá 10 ára aldri hefur Marina Pliassova einnig verið kennari hennar í Noregi, auk þess sem hún stundar nú nám hjá Peter Máté við Menntaskóla í tónlist. Hún hefur tekið þátt í fjölda tónlistarkeppna í Danmörku, Póllandi, Rússlandi, Bretlandi og Belgíu, auk þess að taka þátt í keppnum á netinu meðan ferðalög lágu niðri síðasta ár.

Auk tónlistarinnar hefur Ásta Dóra gaman af að teikna, einnig tölvuteikningu, auk þess sem hún semur eigin tónlist og spinnur á píanóið út frá upphaldsverkum sínum.



# Richard Strauss

## HORNKONSERT NR. 1

Richard Strauss (1864–1949) var einn fjölmargra tónskálda sögunnar sem fæddist inn í tónlistarfjölskyldu. Faðir hans, Franz, var einn kunnasti hornleikari Þýskalands og starfaði um áratuga skeið sem leiðandi hornleikari Konunglegu hirðhljómsveitarinnar í München. Þar tók hann til dæmis þátt í að frumflytja *Tristan og Ísold* og *Valkyrjuna* eftir Wagner. En Franz Strauss þótti lítið til Wagners koma. Hann hafði íhaldssaman tónlistarsmekk og tónlistaruppeldi Richards var eftir því; í foreldrahúsum kynntist hann helst verkum eftir Mozart og Beethoven, Schubert og Mendelssohn.

Richard Strauss hóf tónlistarnám fjögurra ára gamall og samdi sína fyrstu tónsmíð tveimur árum síðar. Hann lærði fyrst á píanó, síðar einnig á fiðlu og tónsmíðar hjá færustu kennurum í heimaborginni München. Hornkonsertinn nr. 1 varð til á árunum 1882–83, þegar Strauss var aðeins átján ára gamall. Konsertinn tileinkaði hann vitaskuld föður sínum, en Franz Strauss þótti tónsmíðin hættulega erfið, ekki síst hæstu tónarnir, og lék verkið aldrei opinberlega. Einn af nemendum hans tók að sér frumflutninginn árið 1883, með píanóundirleik, og tveimur árum síðar hljómaði verkið í fyrsta sinn með hljómsveit.

Tónlistin er í fremur hefðbundnum stíl rómantíkur enda varla við því að búast að átján ára piltur með íhaldssaman tónlistarsmekk ryðji nýja braut í þeim efnum. Þó er eftirtektarvert af hve miklu öryggi tónskáldið Strauss birtist í þessu verki. Hornlínurnar eru glæsilegar og útsetningin fyrir hljómsveit er sömuleiðis hreinasta afbragð. Það var svo tveimur árum eftir að Strauss samdi hornkonsertinn að hann tók að endurmeta tónsmíðar Wagners og tók sér stöðu með framsæknari tónskáldum Þýskalands, eins og heyra má í tónaljóðinu *Don Juan* síðar á þessum tónleikum.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var danski hornleikarinn Ib Lanzky-Otto sem lék hornkonsert nr. 1 eftir Richard Strauss fyrst með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í Háskólabíói árið 1970. Síðan hafa leikið konsertinn þeir Hermann Baumann (1979), Jósef Ognibene (1986), Stefán Jón Bernharðsson (1998 og aftur 2005) og Lars Stransky (2000). Sturlaugur Jón Björnsson lék konsertinn árið 2006 með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.



# Dmitrj Shostakovitsj

## PÍANÓKONSERT NR. 2

Dmitrj Shostakovitsj (1906–1975) samdi tvo píanókonserta sem báðir eru eins konar skemmtitónlist, án þess dramatíska inntaks sem einkennir sínfóniur hans og kammerverk. Lagrænir hæfileikar hans njóta sín til fulls og gleðin virðist fólksvalausari en oft áður.

Fyrri píanókonsertinn samdi Shostakovitsj fyrir sjálfan sig að leika, enda var hann einkar snjall á hljóðfærið. Seinni konsertinn var aftur á móti útskriftarverk fyrir átján ára gamlan son tónskáldsins, Maxim, sem var efnilegur píanisti en sneri sér síðar að hljómsveitarstjórn. „Þessi konsert hefur í sjálfu sér ekkert listrænt gildi,“ skrifaði Shostakovitsj viku eftir að hann lauk við konsertinn í febrúar 1957. Hér hefur hann kannski verið full dómharður í eigin garð. Vissulega sjáum við hér aðra hlið en þá sem við blasir í sínfóniunum, en konsertinn er ekkert síðri fyrir það. Þetta er sá Shostakovitsj sem gat, þrátt fyrir kúgun og ofsóknir sovéskra yfirvalda, leikið á als oddi í góðra vina hópi og hrópað manna hæst á fótboltaleikjum.

Verkið hefst á gamansömu fagottstefi sem setur tóninn fyrir framhaldið. Shostakovitsj gætir þess að gera ekki of miklar tækniröfur til píanistans, þess í stað er spennan verksins borin uppi af fjörugum hryn og litríkri hljómsveitarútsetningu. Í draumkenndu andrúmslofti hæga kaflans bregður fyrir bergmáli frá rómantískum píanókonsertum Griegs og Rakhmanínovs. Þótt yfirborðið sé einfalt er tjáningin einlæg og úrvinnsla hugmyndanna einkar snjöll. Lokapátturinn er fjörugt rondó þar sem meðal annars bregður fyrir líflegum danspáttum í 7/8-takti. Einnig hljóma þar feykihraðir tónstigar þar sem kankvíslega er vísað í æfingabók franska píanistans Charles-Louis Hanon sem margir píanónemendur hafa þurft að sigrast á.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Píanókonsert nr. 2 eftir Shostakovitsj hefur hljómað fjórum sinnum í heild í flutningi SÍ. Ása Briem lék konsertinn árið 1996, Víkingur Heiðar Ólafsson árið 2005, Peter Jablonski ári síðar og Steven Osborne árið 2016. Einnig lék Anna Guðný Guðmundsdóttir hæga þáttinn á tónleikum á Menningarnótt 2013. Ástríður Alda Sigurðardóttir flutti konsertinn með Sínfóníuhljómsveit áhugamanna vorið 2006.





# Richard Strauss

## DON JUAN

Stærsti áhrifavaldurinn í tónuppeldi Richards Strauss var faðir hans, sem hafði íhaldssaman tónlistarsmekk. En þegar Strauss hinn yngri stóð á tvítugu urðu straumhvörf í listrænum skoðunum hans. Í stað þess að leita fyrirmynnda í verkum eftir Schumann og Brahms tók hann að aðhyllast „tónlist framtíðarinnar“ eins og hún birtist hjá Liszt og Wagner. „Nýjar hugmyndir þurfa ný form,“ þrugaði Strauss, sem tók skömmu síðar við stöðu hljómsveitarstjóra í München og tók að þreifa sig áfram með smíði tónaljóða samkvæmt forskrift Liszts. Þegar *Don Juan* hljómaði í fyrsta sinn í Weimar árið 1889 voru viðtökurnar allar á einn veg. Strauss var á einni nóttu orðinn skærasta stjarnan í þýskum tónskáldskap og þótti verðugur arftaki þeirra Liszts og Wagners sem báðir voru nýláttnir.

Í *Don Juan* dregur Strauss upp mynd af hetju sem lendir í ýmsum ævintýrum og lifir bæði hátt og hratt. Hann sótti innblástur í ljóðleik Nikulásar Lenau (1802–1850), þar sem ævintýrið fær annan enda en venjan er. Don Juan þreytist að lokum á lífverni flagarans og missir svo gersamlega lífslöngunina að hann lætur drepa sig í einvígi. Verkið hefst með mikilfenglegum lúðrablæstri: Don Juan þeytist fram á sjónarsviðið fullur sjálfsöryggis. Stef hans hljómar með reglulegu millibili verkið á enda, en á milli eru ljóðrænni kaflar sem tákna ástmeyjar kvennabósans. Fyrsti millikafinn er stuttur, með flögrandi fiðluleik, og í næsta millispili kveður einnig við blíðan tón. Kafinn sem líklega á að túlka þriðju ástmeyna er mun lengri og ástríðufyllri en hinir fyrri. Má vera að Don Juan sé hér að upplifa sanna ást í fyrsta sinn?

Í lokatöktunum dregur ský fyrir sólu og að endingu deyr tónlistin út með veiku strengjaplokki. Don Juan liggur örendur í lok verksins, bugaður af fýsn sem ekkert fékk svalað. Óvenjuleg framvindan er, svo vísað sé til næsta tónaljóðs sem Strauss samdi, eins konar „Verklärung und Tod“ eða Uppljómun og dauði. Hún er í fullu samræmi við yrkisefnið eins og það birtist hjá skáldinu Lenau og um leið mikið afrek hjá hinu unga tónskáldi sem átti eftir að marka djúp spor í sögu tónlistarinnar.

Árni Heimir Ingólfsson

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur átta sinnum áður flutt Don Juan eftir Strauss og voru stjórnendur þeir Bohdan Wodiczko (1960 og 1968), Karsten Andersen (1974), Jean-Pierre Jacquillat (1984), Petri Sakari (1989 og 1998), Rumon Gamba (2006) og Michał Dworzynski (2013).



## Á DÖFINNI

14|10

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

# Tsjajkovskíj og Prokofíev

Behzod Abduraimov, píanóleikarinn snjalli frá Úsbekistan, kemur nú til landsins í þriðja sinn og leikur píanókonert Prokofíevs nr. 2, sem er ein hans kraftmesta og glæsilegasta tónsmíð. Abduraimov er rómaður fyrir fingrafimi sína sem fær að njóta sín í konsert Prokofíevs. Tónleikarnir hefjast á fantasíuforleik Tsajkovskíjs sem er innblásinn af sögunni um Rómeó og Júlíu. Einnig hljómar Sinfónía nr. 5 eftir Emilie Mayer sem er eitt hinna mörgu kventónskálda sögunnar sem gleymdist nær algjörlega svo áratugum skipti. Undanfarið hefur hún hlotið þann sess sem hún verðskuldar og verk hennar hljóma æ oftar um allan heim. Stjórnandi er Anja Bihlmaier.



21|10

FIMMTUDAGUR  
KL. 20:00

# AIÖN

Í þessu nýja verki bjóða Erna Ómarsdóttir og Anna Þorvaldsdóttir áhorfendum upp á töfrandi heim þar sem tónlist og dans mætast á óvanalegan hátt og dansarar Íslenska dansflokksins og hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar renna saman í eitt. Anna og Erna eru báðar áhrifavaldar á heimsvísu, hvor í sinni listgrein. Anna er staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hafa verk hennar verið flutt af fremstu hljómsveitum heims. Erna er listdansstjóri Íslenska dansflokksins og hefur hún hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín sem sýnd hafa verið á helstu listahátíðum og leikhúsum í Evrópu og víðar. AIÖN er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar en verkið var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og Íslenska dansflokknum í maí 2019 í Tónlistarhúsinu í Gautaborg. Hljómsveitarstjóri er Anna-Maria Helsing.

# 06 10 20 21 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir,  
konsertmeistari  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pétur Björnsson  
Andrzej Kleina  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Geirbrúður Ása Guðjónsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Laura Liu  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Ísak Ríkharðsson  
Dóra Björgvinsdóttir  
Roland Hartwell  
Hlín Erlendsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Kristján Matthíasson

## Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Lucja Koczot  
Fidel Atli Quintero Gasparsson

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Margrét Árnadóttir

## Bassi

Xun Yang  
Jacek Karwan  
Hávarður Tryggvason  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason

## Fagott

Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjánn Ingason

## Horn

Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Hammarin

## Trompet

Daniel Egan  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*  
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*  
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*  
Daniél Bjarnason *listamaður í samstarfi*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Víkíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*  
Sverrir Hjálmarsson *mannauðsstjóri*  
Svanhvít Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsstjóri*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2021  
2022

# SVARTA RÖÐIN

**Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.**

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**